

Erindi fyrir sveitarstjórn.

Á fundi sveitarstjórnar þann 11.júní 2024 var undirrituðum falið það verkefni að greina stöðu starfs íþróttar og tómstundafulltrúa.

Þessi ákvörðun var byggð á fundargerð TÍM nefndar frá 4.júní 2024.

Úr fundargerð TÍM nefndar:

“5. Starfslýsing íþróttar og tómstundafulltrúa.

*Formaður nefndar upplýsir nefndarmenn um stöðu mála. Nefndin leggur til að sveitarstjórnin taki starfslýsingu Íþróttar og tómstundafulltrúa til endurskoðunar og geri það aftur að tveimur störfum, forstöumaður íþróttamiðstöðvar og tjaldsvæðis annars vegar og tómstundafulltrúa hins vegar. Starf tómstundafulltrúa og forstöðumanns íþróttamiðstöðvar eru gjörólík og starfslýsingin gríðarlega víðfem. Taka þarf tómstundastarf föstum tökum fyrir haustið.”*

Bókun í fundargerð frá sveitarstjórnarfundi 11.06.2024

“Varðandi lið 5. Um starfslýsingu íþróttar og tómstundafulltrúa, samþykkir sveitarstjórn að Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir formaður TÍM nefndar og Hlíf Hrólfsdóttir, fari í þá vinnu að greina stöðu þessa starfs og ávinning af mögulegum aðskilnaði. Samþykkt samhljóða.”

Við lásum starfslýsingar á störfum víða um landið og skoðuðum sérstaklega hvernig framkvæmdin er í Reykhólahreppi og öðrum minni sveitarfélögum í kringum okkur.

Niðurstaða okkar er sú að það ætti að aðskilja þessi störf, og hafa starf tómstundafulltrúa sér, þar sem byggt er á því að rúmlega helmingur af því starfi sé í beinni vinnu með notandum þjónustu, því alls staðar kemur fram hversu mikilvægt það er að tómstundafulltrúi geti mætt þörfum allra notanda, og byggt upp starf sem getur mætt öllum og sérstaklega beint sér að þeim sem þurfa á meiri stuðningi að halda til þess að geta tekið þátt í tómstundastarfi. Einnig sjáum við fyrir okkur að tómstundafulltrúi haldi utan um allt tómstundastarf nemenda og á það þá einnig við um frístund fyrir yngstu nemendur.

Í lögum um grunnskóla nr.91/2008. Segir í 33.grein að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila og að frístundavettvangur með áherslu á val barna, frjálstanleik og fjölbreytt viðfangefni og umhverfi. Jafnframt að við skipulag þjónustu skuli tekið mið af þörfum, þroska og áhuga.

Jafnframt segir að sveitarfélög fari með faglegt forræði frístundaheimila, og ákveði skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Um starf forstöðumanns íþróttamiðstöðvar sjáum við fyrir okkur að starfið geti verið eins og núverandi starfsemi er. Það er að forstöðumaður sjái um rekstarlegt utan um hald, en hafi jafnframt vinnuskyldu og gangi vaktir. Þá er það eins og um hitt starfið að ákveðin hluti starfsins fellur undir stjórnun, en að öðru leyti vinna á starfsstöðinni.

Niðurstaða okkar er því eins og fram kom hér að framan að það þyrfti að aðskilja þessi störf aftur, og vinna að því að byggja upp gott starf á báðum stöðum.

Við viljum því leggja til að haldið verði áfram með þá vinnu, og þá sérstaklega að byggja upp starf tómskundafulltrúa og efla samvinnu, tómskunda, íþróttastarfs og grunnskóla.

Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir.

Hlíf Hrólfsdóttir.